# Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022
## Hólsvirkjun - aðalskipulagsbreyting

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit




AÐALSKIPULAG ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022, tók gildi 04.07.2011 m.s.br. Ekki í kvarða.

**SAMÞYKKTIR**

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd

þann 10.03.2022

og í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 3.03.2022

Sveitarstjóri
F.h. Þingeyjarsveitar

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4. apríl 2022

SKIPULAGSSTOFNUN



AÐALSKIPULAG ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022

Svæðið sem breytingin nær til er innan rauða hringsins

**Greinargerð**

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Einungis er gerð breyting í kafla 4.7.5 í greinargerð en uppdráttur helst óbreyttur. Breytingin nær til iðnaðarsvæðisins Ið-08 þar sem gert er ráð fyrir aflaukningu úr 5,5 MW í 6,7 MW til að nýta betur hámarksrennsli í leysingum.

**Greinargerð fyrir breytingu:**

4.7.5 Hólsvirkjun

Ið-08: Skilgreint iðnaðarsvæði er 36 ha að stærð og mun það ná yfir öll tæknimannvirki Hólsvirkjunar. Heimilt verður að reisa allt að 5,5 MW virkjun á svæðinu. Í Hólsá verður hámarksstærð lóns 2,0 ha og hæsta hæð stíflu 12 m. Í Gönguskarðsá verður hámarksstærð lóns 0,5 ha og hæsta hæð stíflu 5 m. Í deiliskipulagi skal setja takmarkanir á stærð bygginga og skilmála um útlit þeirra og frágang. Virkjunin verður tengd dreifikerfi Rarik með jarðstreng að Rangárvöllum.

Svæðið er skilgreint til orkuvinnslu og er óheimilt að nýta svæðið til annarrar iðnaðarstarfsemi. Á framkvæmdartíma verður heimilt að taka efni úr lónsstæðum, allt að 12.000 m³.

**Greinargerð eftir breytingu:**

4.7.5 Hólsvirkjun

Ið-08: Skilgreint iðnaðarsvæði er 36 ha að stærð og mun það ná yfir öll tæknimannvirki Hólsvirkjunar. Heimilt verður að reisa allt að 6,7 MW virkjun á svæðinu. Í Hólsá verður hámarksstærð lóns 2,0 ha og hæsta hæð stíflu 12 m. Í Gönguskarðsá verður hámarksstærð lóns 0,5 ha og hæsta hæð stíflu 5 m. Í deiliskipulagi skal setja takmarkanir á stærð bygginga og skilmála um útlit þeirra og frágang. Virkjunin verður tengd dreifikerfi Rarik með jarðstreng að Rangárvöllum.

Svæðið er skilgreint til orkuvinnslu og er óheimilt að nýta svæðið til annarrar iðnaðarstarfsemi. Á framkvæmdartíma verður heimilt að taka efni úr lónsstæðum, allt að 12.000 m³.

**Umverfisskýrsla:**

Aflaukning Hólsvirkjunar úr 5,5 MW í 6,7 MW er tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar sem ákvarðaði þann 27. janúar 2022 að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Breyting á skipulagsáætluninni er minniháttar og eruumhverfisáhrif metin óveruleg þar sem hún felur ekki í sér neinar breytingar á mannvirkum, efnisþörf eða landnýtingu. Aflaukningin nýtist fyrst og fremst að sumri þegar Hólsá er í yfirfalli, en með því að nýta dægurmiðlun í Hólsárlóni má einnig ná auknu afli í stuttan tíma að degi til yfir vetrartímann. Lágmarksrennsli neðan við virkjunina mun koma fyrr á veturna en er það mjög háð árferði.

Engin áhrif verða á landnotkun, forminjar, útivist eða samfélag. Óveruleg áhrif verða á lífríki í vatni þar sem aflaukningin verður einungis nýtanleg um stuttan tíma ár hvert. Uppsprettur og lækir eru neðan við stíflur sem viðhalda alltaf vatni í farveginum. Hólsá og Gönguskarsá eru báðar dragár og er rennsli í ánum mjög breytilegt eftir árstíma og tíðarfari. Svæðið er mjög snjóþungt og á vorin og sumrin þegar allur snjórinn bráðnar er virkjað rennsli einungis lítið hlutfall af rennsli ánna. Áhrif á bakkagróður er metin óveruleg þar sem áhrif aflaukningarinnar eru mest á haustin en við þær aðstæður er það lítið í ánum að bakkagróður er á þurru landi. Aukning á virkjuðu rennsli er það óveruleg að það er ekki talið hafa áhrif á fuglalíf.

Niðurstaða – áhrif af aflaukningu Hólsvirkjunar er metið ekkert eða óverulegt á umhverfisþætti. Ávinningur er í því að geta nýtt þær framkvæmdir og mannvirki sem á svæðinu eru til framleiðsluaukningar.

EFLA

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022
Breyting vegna aflaukningar Hólsvirkjunar
Þingeyjarsveit

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 5901-001 | A3 | AB | SÖG |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| ekki í kvarða | 01.02.2022 | --- | |
| SAMÞYKKT: | | | |